



Slysatiðni vöru og hóp bifreiða

Skúli Þórðarson, Dr.ing, ORION Ráðgjöf ehf
Guðmundur Freyr Úlfarsson, Ph.D, Washington University

Fyrsti áfangi

Gert var yfirlit yfir umferðarslys þungra bifreiða á Íslandi fyrir árin 1994-2002, eða á tíu ára tímabili. Reiknuð var út slysatiðni mismunandi ökutækjaflokka, og meiðslatiðni, fundnar voru algengustu tegundir slysa og algengustu tegundir slysa eftir heildarfjölda slasaðra og dauðaslysa. Hugtakið slysatiðni er í þessari rannsókn einungis túlkað með tilliti til fjölda ökutækja en ekki út frá akstursvegalegd. Eftirfarandi tafla sýnir fjölda ökutækja í slysum á hver þúsund ökutæki í umferð (í viðkomandi flokki) á árunum 1994-2003.

	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	Meðaltal
Strætisvagnar	768	884	863	1.061	1.105	1.077	1.000	946	890	935	953
Rútur	86	98	119	84	108	132	164	102	87	100	108
Vörub. I, < 5 t	43	44	38	45	49	53	57	50	48	46	47
Vörub. I, >= 5 t	51	50	60	61	55	95	108	116	80	119	80
Vörub. II	64	89	59	84	87	102	111	112	97	99	90
Vörub. I og II	54	67	50	66	69	81	90	89	77	80	72

Tafla: Fjöldi ökutækja í slysum á hver þúsund ökutæki í umferð.

Hæsta meðatal árlegrar slysatiðni á hver 1000 ökutæki er hjá strætisvögnum eða 953 slys. Þessi tíðni er um tífalt hærri en hjá öðrum flokkum sem til skoðunar eru, en lægsta slysatiðni er í flokki vörubifreiða I undir 5 tonnum að eiginþyngd eða 47 slys á hver 1000 ökutæki í notkun hvert ár. Meðaltal árlegrar slysatiðni allra ökutækja samanlagt á árunum 1994-2003 samkvæmt samantekt Umferðarstofu er 34 slys á hver eitt þúsund ökutæki.

Ef litið er á algengustu slys með meiðslum kemur í ljós að hjá öllum ökutækjaflokkunum (nema strætisvögnum) eru þær tegundir slysa þar sem hvað flestir slasast dæmigerð dreifbýlisslys og er útafakstur mest áberandi. Ekki kemur á óvart að flestir slasaðir eru í slysum með rútum. Hjá strætisvögnum eru algengustu tilfelli meiðsla þegar farþegi slasast um borð í vagni. Í þessum hópi slasaðra eru fullorðnar konur áberandi. Flest dauðaslys urðu við framanákeyrslur hjá annars vegar rútum og hins vegar vörubifreiðum II. Við skoðun á færð á vegi og veðurfari kom í ljós að vörubifreiðar I yfir 5 tonnum að eiginþyngd koma heldur lakar út en aðrir flokkar með tilliti til bleytu á vegi og storma. Í þessum flokki eru mörg ökutæki léttar en meðalstórar vörubifreiðar með kassayfirbyggingu. Niðurstöðurnar geta verið leiðbeinandi fyrir nákvæmari greiningu á vissum tegundum slysa þar sem ólíkir ökutækjaflokkar koma við sögu. Frekari greining á þeim gögnum sem fyrir hendi eru er líkleg til þess að skila niðurstöðum sem nýtast beint til forvarna og upplýsingar.



Framhaldsrannsókn

Nú er unnið að framhaldsáfangu verkefnisins. Tilgangur annars áfanga verkefnisins er að greina frekar aðstæður, umhverfi og aðdraganda algengustu gerða slysa sem fram komu hjá mismunandi ökutækjaflokkum í fyrsta áfanga. Algengustu gerðir óhappa og slysa eru að hluta til ólík milli ökutækjaflokkanna sem til skoðunar eru. Niðurstöður fyrsta áfanga verða kynntar fyrir fulltrúum rekstraraðila og ökumanna vöru- og hópbifreiða og verður í samvinnu við þessa aðila leitað eftir því hvort bera má kennsl á ákveðið mynstur í umhverfi þessara slysa. Með þessu móti er ráðgert að útbúa beinar upplýsingar sem nýtast munu til fræðslu og forvarna meðal hlutaðeigandi aðila.

Nú þegar hafa komið fram vísbendingar um að há slysatíðni strætisvagna verði ekki nema að nokkru leyti rakin til mikils aksturs vagnanna. Að öllum líkindum er hægt að ná miklum árangri við fækkun umferðarslysa þar sem strætisvagnar koma við sögu. Í fyrri áfanga kom fram að stór hluti umferðaslysa með vörubifreiðum tengjast farmi þeirra. Þegar þetta er ritað hefur lögregla nýverið hert eftirlit með frágangi farms vörubifreiða og er nú skylda að breiða yfir laust efni sem bifreiðarnar flytja. Stefnt er að því að ljúka öðrum áfanga með frekari greiningu á öllum ökutækjaflokkunum í byrjun ársins 2006 og að þá muni jafnframt liggja fyrir tillögur til forvarna.